

1859.

26. febrúar.

- b) Úr þessari spurningu er leyst í bréfi dómsmálastjórnarinnar 27. júlí í fyrra.
- c) Eins og áður er á vikið, undir staflíð a., er það ekkert efunarmál, að ekki þarf tvö sérstök leiðarbréf handa sama skipi; en á hinn bóginn er það sjálfsagt, að þegar vörur eru fluttar frá Íslandi á skipi því, er einungis hefur verið gjört út til fiskiveiða, þá ber að greiða gjöld þau að fullu, sem ákveðin eru í 8. gr. laganna 15. apríl 1854; en hafi minna verið goldið samkvæmt 62. gr. aukatekju-reglugjörðarinnar 10. september 1830, þá skal greiða mismuninn milli þessa, og þess, sem ákveðið er í verzlunarlögnum.

18. apríl.

8. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland¹.

Sjórn sjóliðsins hefur skýrt frá því í bréfi 27. febrúarm. þ. á., að ef engar tálmanir, er ekki má fyrir sjá, gjöri það ófært, verði herskip eitt sent til Íslands í byrjun næstkomandi maímánaðar, og að eptir fëmegni, því sem verja megi til þessa fyrirtækis, megi ætla að ferð þessari verði eigi lokið fyrri en seinast í ágústmánuði; hefur sjóliðsstjórnin um leið mælt til, að dómsmálastjórnin láti í ljósi álit sitt um það, hverjar reglur setja skuli foringja herskipsins um vernd fiskiveiðanna við Ísland.

Útaf þessu skal þess getið, að eins og sjóliðsstjórninni er kunnugt, hefur að vísu að undanfögnu verið gjört ráð fyrir því, að eptir hinum eldri íslenzku lögum sè 4 mílna fjarlægð frá landi það takmark, sem útlendum fiskimönnum er bannað að fara yfir á fiskiveiðum sínum við Ísland; en samt sem áður álfur dómsmálastjórnin, að það muni samkvæmast skoðun þeirri,

1) Eptirrit af bréfi þessu var sent amtmönnunum á Íslandi s. d., og 9. maí var þeim sent eptirrit af reglugjörð þeirri, er sjóliðsstjórnin samdi handa Knudsen herskipsforingja, er var fyrir herskipinu „Örnen“, að því leyti snerti ferð skips þessa til Íslands.

sem nú tíðkast um yfirráðin yfir sjónum, að takmörk þau, sem hér ræðir um, séu sett á þann hátt, sem fyrir er mælt í konungsúrskurði 22. febrúarm. 1812 (eptirrit af úrskurði þessum fylgir hér með) smbr. Canc. br. 16. desember 1845, en það er þannig, að þau séu bundin við eina vanalega sjávarmílu frá yztu ey eður hólma við landið, sem eigi er yfirflotinn af sjó; hefur því dómsmálastjórninni þótt réttast að láta sér nægja með að heimta, að þessari ákvörðun væri hlýtt; en af þessu leiðir, að útlandum fiskiskipum eigi er leyfilegt að fara inn í firði og flóa við landið til fiskiveiða. Í bréfi dagsettu í dag, sem hér er með eptirrit af, hefur og utanríkisstjórnin verið beðin um að hlutast til um, að stjórnir útlandra ríkja, þær er hlut eiga að máli, bjóði fiskimönnum sínum að gæta þess, sem nú hefur verið sagt, og láti þá þar að auki vita, að ef þeir fara inn fyrir takmark það, sem þeim er sett, mega þeir búast við, að með þá verði farið eptir nú gildandi tilskipunum, einkum tilsk. 13. júním. 1787.

En um það, hvernig að skal farið, þá er útlendir fiskimenn kynnu að brjóta á móti reglum þessum, þá er bent til þess í 4. gr. í tilsk. 13. júním. 1787, að þegar svo er ástatt, megi leggja hald á skipin og gjöra þau upptæk; en bæði er það, að ekki hefur nákvæmlega verið farið eptir reglu þessari að undanfögnu, og svo virðist það og réttast, að herskipsforinginn fyrst í stað láti sér nægja með að bægja hinum útlandu fiskiskipum burt, þegar hann hittir þau á því sviði, þar sem þau, eptir því sem áður hefur verið sagt, ekki mega veiða, en leggi eigi hald á þau fyrri en þau á ný koma á þessar stöðvar, eptir að búið er að bægja þeim burt þaðan; ráðgist hann síðan um málið við stiptamtanninn á Íslandi eða hlutaðeiganda amtman, áður en því er ráðið til lykta á þann hátt, er fyrir er mælt í tilskipununum.

Um leið og dómsmálastjórnin nú biður sjóliðsstjórnina að fá foringja herskips þess, er sent verður til Íslands, reglugjörð til eptirbreytni, er þessu se samkvæm, skal þess getið, að umsjónin um fiskiveiðarnar varðar mestu fyrir vesturamtið, og

1859.
18. apríl.

1859. væri það því ákjósanlegt, að skipið færi þangað sem fyrst
 18. apríl. verða má.

18. apríl. **9. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlanda manna við Ísland.**

Stjórn utanríkismálanna hefur í bréfi 10. f. m. skýrt dómsmálastjórninni frá, að hinn konunglegi verzlunarfulltrúi í *Leith* hafi meðal annars beiðzt upplýsingar um það, í hverri fjarlægð undan landi erlendum mönnum séu leyfilegar fiskiveiðar við Ísland. Jafnframt þessu hefur utanríkisstjórnin spurt um, að hve miklu leyti farið hafi verið eptir reglum þeim, sem settar voru í konungsúrskurði 22. febrúar 1812, þá er ákveðin hafa verið þau takmörk, sem mönnum úr erlendum ríkjum er bannað að fara yfir á fiskiveiðum við Ísland; en konungsúrskurður þessi, sem birtur var öllum háyfirvöldum í Danmörku með Canc. br. 25. s. m., kveður svo að orði, að umráð konungs yfir sjónum nái eina mílu undan landi, og sé sú vegalengd talin frá yztu eyjum eður hólum við landið.

Mál þetta stendur í enu nánasta sambandi við það, sem um er rætt í bréfi utanríkisstjórnarinnar 18. f. m.; en í því var beðið um skýrslu um þau lagaboð og aðrar þær yfirvaldatilskipanir, er miðuðu til að vernda fiskiveiðar Íslendinga, og sem þætti æskilegt að kunngjört yrði skipverjum á erlendum fiskiskútum, einkum frakkneskum og enskum, þeim er stunda fiskiveiðar í höfum þessum, samkvæmt því sem farið hafði verið fram á í bréfi dómsmálastjórnarinnar 22. febr. þ. á.

Dómsmálastjórnin leyfir sér því að svara bréfum þessum báðum í einu lagi á þessa leið:

Frá ómuna tíð, og allt þangað til íslenzka verzlunin var látin laus við alla þegna Danakonungs árið 1786, voru fiskiveiðarnar við Ísland álitnar að vera eign hinnar dönsku stjórnar, og þegar verzlunin um ýms tímabil var seld á leigu einstökum mönnum eður félögum, voru veiðiréttindi þessi einnig látin fylgja með. *Privilegia* 16. desemberm. 1631 og leyfisbréf 16. aprílm. 1636